# AUGLÝSING

**um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.**

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum, og fjárlög fyrir árið 2022 hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

**a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:**

| | |
|---|---|
| á veitusvæði HS Veitna | 6,52 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli | 8,93 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli | 7,06 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í dreifbýli | 8,38 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í þéttbýli | 6,01 kr./kWst., |
| á veitusvæði Veitna ohf. | 6,22 kr./kWst., |
| á veitusvæði Norðurorku | 6,20 kr./kWst. |

**b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:**

| | |
|---|---|
| RARIK | 4,68 kr./kWst., |
| Orkubú Vestfjarða | 5,01 kr./kWst., |
| HS Veitur | 147,80 kr./m$^3$ (3,27 kr./kWst.). |

**c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**
Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

**d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**
Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2022, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m$^3$/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. mars 2022 og kemur í stað auglýsingar sama efnis, nr. 230/2022.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 28. febrúar 2022.*

F. h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra,

**Stefán Guðmundsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*